



Erindisbréf fyrir Velferðar- og jafnréttismálanefnd

*Samþykkt í bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar
þann 31. janúar 2019*

Stjórnskipuleg staða

Velferðar- og jafnréttismálanefnd starfar í umboði bæjarstjórnar að velferðar- og jafnréttismálum samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta og því sem bæjarstjórn felur henni.

Skipan nefndarinnar

Í Velferðar- og jafnréttismálanefnd eiga sæti fimm fulltrúar sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum, samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn Stykkishólmsbæjar. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara. Auk kjörinna fulltrúa eiga bæjarstjóri og fulltrúi úr ungmennaráði rétt á að sitja fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúi úr ungmennaráði skal hafa náð sjálfræðisaldri. Nefndin getur einnig boðið öðrum til fundar varðandi tiltekin mál.

Nefndin kýs formann, hafi hann ekki verið skipaður af bæjarstjórn, varaformann og ritara nefndarinnar á fyrsta fundi sínum.

Hlutverk

Meginhlutverk nefndarinnar er sem hér segir:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn í velferðar- og jafnréttismálum.
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í velferðar- og jafnréttismálum bæjarfélagsins.
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga.
að starfa með bæjarstjóra að málefnum sem heyra undir nefndina
- að gera tillögur um úrbætur á því sviði sem undir hana heyrir.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna séu fyrst og fremst í þágu allra íbúa bæjarfélagsins og það leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmunum ofar sérhagsmunum, hvort heldur sínum eigin eða einstakra hópa. Jafnframt skal nefndin stuðla að tengslum og samstarfi við aðra hagsmunaaðila.



Sé nefndinni ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða erindisbréfi þessu, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Slíkar ákvarðanir þurfa staðfestingu bæjarstjórnar.

Verkefni

Helstu verkefni nefndarinnar eru sem hér segir:

- Fara með málefni fatlaðs fólks í þeim þáttum sem ekki falla undir Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga (FSSF), félagslegrar heimaþjónustu, málefni atvinnulausra, málefni aldraðra, félagslegs leiguhúsnæðis sem og önnur málefni sem falla undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- Þekkja starfsemi og sjá til þess að íbúar hafi aðgang að upplýsingum um þá félagslegu þjónustu sem í boði er m.a. í samráði við FSSF.
- Stuðla að uppbyggingu á þjónustu fyrir fatlað fólk í Stykkishólmi og gera tillögur um úrbætur til bæjarstjórnar.
- Stuðla að félagslegri velferð aldraðra og að stefnumörkun í málefnum aldraðra sé til staðar og endurskoðuð reglulega, í samráði við Öldungaráð.
- Stuðla að samstarfi við frjáls félagsamtök sem starfa í þágu aldraðra.
- Gera tillögu til bæjarstjórnar um úthlutun félagslegra leiguíbúða í eigu bæjarins, húsaleigu og setningu reglna um umgengni og frágang þeirra.
- Beita sér fyrir forvarnar- og fræðslustarfi vegna velferðarmála og hafa samráð við önnur yfirvöld sem fara með slík mál, svo sem æskulýðs- og íþróttanefnd, heilbrigðisyfirvöld, skóla og lögreglu.
- Gera tillögur til bæjarstjórnar um útgáfu fræðsluefnis og hvers kyns aðra kynningu fyrir íbúa Stykkishólmsbæjar, fyrirtæki og stofnanir um þau mál sem falla að verksviði nefndarinnar.
- Stuðla að þátttöku og aðgengi innflytjenda að samfélaginu, eftir atvikum með Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga og Svæðisgarðinn, og leggja fram tillögur í því sambandi til bæjarstjórnar.
- Fylgja og endurskoða jafnréttisáætlun.
- Gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í jafnréttismálum.
- Stuðla að launajafnrétti meðal starfsfólks sveitarfélagsins með jafnlaunakerfi í samræmi við 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
- Móta tillögur til bæjarstjórnar um sérstakar tímabundnar aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna eftir því sem ástæða er til hverju sinni.
- Leita upplýsinga hjá viðeigandi stjórnvöldum, m.a. Jafnréttisráði og ráðuneyti. Fjalla um önnur þau mál sem bæjarstjórn felur nefndinni.



Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í VI. kafla samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar og skal þeim fylgt, eftir því sem við á.

Velferðar- og jafnréttismálanefnd kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma, samkvæmt fundaaáætlun. Skal nefndin gera samþykkt um fundaaáætlun á sínum fyrsta fundi, að höfðu samráði við bæjarstjóra. Sé um að ræða fund, sem ekki er á samþykkttri fundaráætlun, skal formaður tilkynna nefndarmönnum um áætlaðan fund með fimm sólarhringja fyrirvara.

Nefndarformaður, eða varaformaður í forföllum hans, sér um boðun funda. Formaður skal ávallt hafa samráð við bæjarstjóra um boðun fundar sem ekki er á samþykkttri fundaaáætlun og kynna honum efni hans. Fundarboðun skal vera skrifleg eða rafræn með tölvupósti, þar sem fundarstaður er tilgreindur, tími og dagskrá fundar. Fundarboð skal sent nefndarmönnum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Nefndarformaður stýrir fundum nefndarinnar skv. 39. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar.

Nefndin skal halda gerðarbók. Kjörinn ritari færir fundargerð í gerðabókina. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Nefndin getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu og skal það þá gert í samræmi við 16. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar. Þegar fundargerð er tölvuskráð skal bóka í gerðabók helstu grundvallaratriði um upphaf og lok fundar, hverjir sátu fundinn og hve margar blaðsíður hin tölvuskráða fundargerð er.

Í fundargerð skal skrá einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Ritara er þó heimilt, með samþykki nefndarinnar, að ganga endanlega frá ritun fundargerðar innan tveggja sólarhringa eftir að fundi lýkur og afla þá samþykkis nefndarmanna, sem hafa tvo sólahringa til athugasemda, á fundargerð með rafrænum hætti (tölvupósti). Heimild þessi á þó ekki við ef nefnd hefur verið falið að taka fullnaðarákvörðun um mál.

Formaður nefndarinnar ber ábyrgð á að fundargerðum sé komið til ritara/aðstoðarmanns bæjarstjóra sem hefur umsjón með að fundargerðin verði lögð fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.



Eftirfylgni

Nefndarformaður og aðrir nefndarmenn skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktu nefndarinnar og þannig tryggja að tekin sé afstaða til þeirra og þær framkvæmdar, í þeim tilfellum sem við á.

Réttindi og skyldur nefndarmanna

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar eftir atvikum.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum skal aðalmaður tilkynna forföll til formanns, eins fljótt og auðið er, og óska eftir því að varamaður verði boðaður. **Skal aðalmaður í þeim tilvikum þó jafnframt bera ábyrgð á því að upplýsa staðgengil sinn um forföll sín í þessu sambandi.**

Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til nefndarformanns a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa almannahagsmuni og hag bæjarfélagsins að leiðarljósi við nefndarstörf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykkt um stjórn Stykkishólmsbæjar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fulltrúar í nefndinni og þeir sem sitja fundi hennar eru bundnir þagnarskyldu. **Óheimilt er að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum.** Sama gildir um atriði sem aðilar fá vitneskju um og leynt skulu fara eðli máls samkvæmt. Þagnarskylda helst þó að látið sé af störfum.

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nána venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti, sbr. 17. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar, 20. gr. sveitarstjórnarlaga og eftir atvikum ákvæði II. kafla stjórnarsýslulaga.

Nefnd tekur ákvörðun um hæfi nefndarmanns. Nefndarmaður sem hlut á að máli tekur þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Nefndarmaður sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í meðferð þess eða hafa áhrif á það með öðrum hætti og skal ávallt yfirgefa fundarsal við meðferð þess og afgreiðslu.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfssvið hennar heyrir, sérstaklega þó lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn Stykkishólmsbæjar.